

Mánudaginn 25. marz 1946.

Nr. 31/1945. Valdstjórnin (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Rögnu Sigurðardóttur

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á lögum nr. 3/1943 um verðlag.

Dómur hæstaréttar.

Eftir að úrskurður gekk í hæstarétti 4. júní f. á., hefur löggiltur endurskoðandi athugað verzlunarbækur kærðu og frekari rannsókn farið fram um sum atriði málsins.

Kærða hefur skýrt svo frá, að hún hafi vegið nokkrar af grenigreinum þeim, er hún seldi í verzlun sinni, á þeim tíma, sem í málinu getur, og hafi henni reiknast til, að meðalþungi þeirra hafi verið 1 til 2 kílógrömm, en sumar hafi verið allt að 3 kílógrömm að þyngd. Greinar þessar seldi kærða yfirleitt á 10 eða 15 krónur hverja. Samkvæmt þessu svo og þeim atriðum, sem lýst er í héraðsdómi, verður að telja, að nokkur brögð hafi verið að því, að kærða hafi selt greni herra verði en verðlagsyfirvöld höfðu heimilað henni.

Ekki hefur tekizt að leiða í ljós við rannsókn málsins, hvern hagnað kærða hefur haft af hinni ólöglegu álagningu.

Með framangreindu atferli sínu hefur kærða gerzt brotleg við 1. gr. laga um verðlag nr. 3/1943, og þykir refsing sú, er hún hefur til unnið samkvæmt 2. málsg. 9. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 8000 króna sekt til rikissjóðs, er afplánist 80 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar á að vera óraskað.

Kærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 1000 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að í upphafi rannsóknarinnar var

ekki hafízt handa um að vega einstakar greinar, sem óseldar voru hjá kærðu. Við framhaldsrannsókn málsins voru kærðu ekki kynntir þeir framburðir vitna, er um getur í áðurgreindum úrskurði hæstaréttar, og hún ekki spurð um, hvernig stæði á því, að hún lagði mun meira fé í banka en talið var í verzlunarbókum hennar, að inn hefði komið við vörusölu hennar dagana 16.—23. desember 1944.

Dómsorð:

Kærða, Ragna Sigurðardóttir, greiði 8000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 80 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar skal vera óraskað.

Kærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Gunnars Þorsteinssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, 1000 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. janúar 1945.

Ár 1945, þriðjudaginn 23. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3044/1944: Valdstjórnin gegn Rögnu Sigurðardóttur, sem tekið var til dóms 16. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Rögnu Sigurðardóttur kaupkonu, til heimilis á Hringbraut 66 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um verðlag nr. 3 1943, sbr. tilkynningu verðlagsstjóra í Lögbirtingablaði 23. október 1944.

Kærða er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 24. júní 1907, og hefur, svo kunnugt sé, hvorki sætt ákæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Fyrir síðastliðin jöl fékk blómaverzlunin „Flóra“, en kærða er eigandi þeirrar verzlunar, tvær sendingar af greni frá útlöndum. Hvor sending var 3000 kg að þyngd, og voru þær báðar tollafgreiddar í fyrra mánuði. Samkvæmt verðútreikningi, sem umboðs-

maður verzlunar kærðu sendi verðlagsstjóra, mátti grenið kosta með 25% heildsöluálagningu og 50% smásöluálagningu kr. 4.50 pr. kg í smásölu, en kærðu var þó heimilað að selja grenið á kr. 5.00 pr. kg. Með tilliti til óvenjulegrar rýrnunar var innflytjendum grenis heimiluð 35% heildsöluálagning á það, svo að smásöluverð kærðu á greninu mátti hæst vera kr. 5.20 pr. kg. Verður að telja þá ákvörðun viðskiptaráðs að ákveða hámarksverð grenisins pr. kg leyfilega, þar sem ráðið hefur samkvæmt 1. gr. laga nr. 3 13. febrúar 1943 um verðlag vald til að ákveða hámarksverð á á hvers konar vörum og verðmæti, en í því þykir vera heimild fyrir ráðið að ákveða, við hvað hámarksverðið skuli miðað.

Kærða byrjaði sölu á greninu í verzlun sinni 14. f. m., og fór salan fram í porti bak við verzlunarbúðina. Kveðst kærða hafa auglýst söluna í blaði þann morgun, en í útvarpinu bæði um hádegis og um kvöldið sama daga og um hádegis 16. f. m.

15. f. m. keyptu tveir eftirlitsmenn verðlagsstjóra tvær grenigreinar í verzlun kærðu. Segja þeir, að allt grenið í verzluninni hafi verið í eintsökum greinum, og hafi verið þeirra ýmist verið 10 eða 15 krónur eftir stærð og fegurð. Keyptu þeir sína greinina hvor, mismunandi stórar, og kostaði sú stærri 15 krónur, en hin 10 krónur. Greinarnar tóku þeir af handahófi úr stórum greinabunka, og geta þeir ekki sagt um, hvort þær voru stærri eða minni en aðrar greinar í bunkunum. Þeir fóru síðan með greinarnar á Löggildingarstofuna, þar sem þær voru vigtaðar. Reyndist þyngd minni greinarinnar 234. gr, en hinar 720 gr.

Í fyrsta réttarhaldi hélt kærða því fram, að grenið hefði ekki í nærri öllum tilfellum verið vigtað, er það var selt út úr verzluninni, en þyngd greinanna verið áætluð samkvæmt gamalli reynslu, og hafi því alltaf getað skeikað einhverju um þyngd þeirra. Síðar hefur kærða skýrt frá því, að Helga Pálsdóttir, Jens Cornelius Lambertsen og Gösta Richard Edvardson, sem afgreiddu grenið í verzlun hennar, staðfest það, að allt grenið hafi verið bútað niður í einstakar greinar, áður en sala þess hófst, og hafi greinum verið skipt í tvo flokka eftir þyngd, fegurð og tegund. Greinarnar hafi ekki verið vigtaðar, heldur seldar í stykkjum, þannig að hver grein í öðrum (dýrari) flokknum hafi verið seld á 15 kr., en í hinum flokknum á 10 kr.

Kærða segir, að 15 króna flokkurinn hafi verið þriðjungi stærri en 10 krónu flokkurinn, en veit ekki með vissu, hvort úr honum seldist meira. Hún segir, að sumar greinarnar hafi verið um 2 kg, sumar um 3 kg að þyngd, en aðrar léttari, en getur ekki sagt um þyngd léttustu greinanna. Afgreiðslufólk kærðu treystir sér ekki til að fullyrða um, hve greinarnar í hvorum flokki hafi yfirleitt verið þungar.

18. f. m. vigtaði löggiltur vigtarmaður greni það, sem þá var

óselt í verzlun kærðu, og reyndist það vera 2470 kg auk rusls, sem ekki var vigtað, en áætluð 100 kg. Kveðst kærða nálega ekkert hafa selt af þessum 2470 kg, og er ósannað, hvað hún hefur selt af þeim.

Helga Pálsdóttir kveðst hafa tekið á móti öllum peningum, sem komið hafi inn daglega fyrir sölu á greninu, og hafi þeim peningum verið haldið aðskildum, þar til húið hafi verið að telja þá að kvöldi hvers dags. 14. f. m. hafi andvirði hins selda grenis numið kr. 6025.00, 15. f. m. numið kr. 4345.00 og 16. f. m. kr. 1125.00, eða samtals þessa þrjá daga kr. 11495.00. Kærða kveður innkaupsverð hins selda grenis hafa numið kr. 7703.90, og hafi því ágóðinn af sölu grenisins verið tæp 50%.

Í málinu hafa verið leidd nokkur vitni, sem kveðast hafa keypt greni í verzlun kærðu fyrir síðastliðin jól.

Sigríður Klemensdóttir skrifari, Leifsgötu 18, kveðst hafa keypt tvær greinar álíka stórar á 10 krónur hvora og tekið þær af handahófi úr greinabúka, þar sem hver grein kostaði kr. 10.00. Greinarnar hafi hún keypt þó nokkrum dögum fyrir jól, og haldi hún, að sala grenisins hafi þá verið að hefjast. Aðra greinina hafi hún keypt fyrir Halldór Halldórsson skrifstofumann, Hömrum við Suðurlandsbraut, og hafi hún strax afhent honum aðra greinina. Halldór kveðst hafa fengið Sigríði snemma í seinustu viku fyrir jól til að kaupa grein fyrir sig í verzlun kærðu. Hann kveðst hafa látið greinina út á snaga við eldhúsglugga hjá sér, en nokkrum dögum síðar hafi hann leyft verðlagseftirlitsmönnum að láta vigta greinina. Var hún vigtuð 22. f. m. á Löggildingarstofunni, og reyndist þungi hennar vera 525 gr.

Stefán Jónsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráði, kveðst hafa keypt tvær greinar í verzlun kærðu og farið eftir auglýsingu í dagblaði eða útvarpi, sem hann heldur, að hafi verið á fyrsta degi sölu grenisins. Hafi önnur greinin kostað 15 kr., en hin 7 kr., og hafi sú grein verið með minni greinum, er hann sá. Hann hafi spurt afgreiðslumanninn um verð nokkurra einstakra greina, sem hafi þá nefnt 5, 7, 10, 12 og 15 króna verð. Stefán kveðst hafa látið báðar greinarnar, er hann keypti, undir rimlabekk í garði við heimili sitt. 21. f. m. fór eftirlitsmaður frá verðlagsstjóra með greinarnar á Löggildingarstofuna, þar sem þær voru vigtaðar, og reyndist þyngd þeirra vera 930 gr. Vigtarmaðurinn kveðst ekki hafa tekið eftir því, hvort grenið væri ein eða fleiri greinar, en eftirlitsmaður verðlagsstjóra fullyrðir, að báðar greinarnar hafi þá verið vigtaðar saman, og verður að telja, að svo hafi verið.

Jens Cornelius Lambertsén segir, að vera megi, að hann hafi látið einhvern kaupanda, sem hafi verið óánægður með 10 og 15 króna verðið á greinunum, fá grein fyrir eitthvað lægra verð. Hafi þetta þá verið samkvæmt ákvörðun hans sjálfs, en ekki með leyfi annars, en hann kveðst ekki muna eftir neinu ákveðnu til-

felli, þar sem afsláttur hafi verið veittur frá hinu ákveðna verði. Gösta Richard Edvardson, sem mun hafa afgreitt Stefán Jónsson og Sigríði Klemensdóttur, kveðst hafa haldið sér við fyrirmælin um að selja greinarnar á 10 og 15 krónur stykkið, eftir því í hvor- um bunkanum þær voru. Þó kunni það að hafa komið fyrir, að hann hafi selt mjög smáar greinar á eitthvað lægra verð en ákveðið var, en hann muni ekki, hvað það verð hafi þá verið. Hann kveðst ekki muna eftir því, að söluverð nokkurrar greinar hafi verið 12 krónur eða lægra en 10 krónur, en hafi það komið fyrir, að grein hafi verið seld á minna en 10 krónur, hafi það ekki verið að fyrirlagi neins annars.

Elin Egilsdóttir, Fjólugötu 21, kveðst hafa keypt tvær greinar fyrsta eða annan dag þann, er þær voru auglýstar til sölu. Hafi hún valið sitt hvora greinina úr tveimur greinabunkum, og hafi þó nokkur stærðarmunur verið á greinum. Önnur greinin hafi kostað 10 krónur, en hin 15 krónur, og hafi þær ekki verið vigtaðar. Elin kveðst ekki geta fullyrt, hvort greinarnar hafi verið heldur stærri eða minni en aðrar greinar, sem í bunkanum voru, en hún hafi reynt að hafa þær sem stærstar og fegurstar. Hún kveðst hafa geymt greinarnar úti á svölum, en samkvæmt beiðni bróður síns hafi hún vigtað þær nokkrum dögum seinna heima hjá sér, og hafi þyngd beggja greinanna saman verið 900 gr. Vögin, sem hún hafi notað, hafi ekki verið fullkomin og greinarnar numið við gólfið, er þær hafi verið vigtaðar.

Stefán Jónsson og Sigríður Klemensdóttir eru ein til frásagnar um það, hvar, á hvaða tíma og á hvaða verði þau keyptu greinar sínar og að verðlagseftirlitið hafi fengið einmitt þær sömu greinar til að láta vigta á Löggildingarstofunni. En kærða hefur ekki véfengt framburði þeirra, heldur styður framburður hennar og starfsfólks hennar svo og eftirlitsmanna verðlagsstjóra um sölu á greni úr verzlun hennar framburðina, sem þykir því verða að leggja til grundvallar. Greinar þær, er Elin Egilsdóttir kveðst hafa keypt, hafa hins vegar ekki verið vigtaðar með þeim hætti, að hægt sé að telja fullsannað, hver þyngd þeirra hafi verið. Samkvæmt þessu er sannað, þegar þær greinar, sem eftirlitsmenn verðlagsstjóra keyptu, eru taldar með, að kærða hefur selt eina grein, sem var 234 gr að þyngd, á 10 krónur, eina grein, sem var 720 gr, á 15 krónur, eina grein, sem var 525 gr, á 10 krónur og tvær greinar, sem voru báðar saman 930 gr, á 22 krónur. Smásöluverð greina þessara hefur þannig verið langtum hærra en það, sem verðlagsstjóri heimilaði, sem var kr. 5.20 pr. kg. Þessi háttsemi kærðu varðar við 1. gr. laga um verðlag nr. 3 13. febrúar 1943, sbr. 18. tölulið tilkynningar verðlagsstjóra nr. 34 1944 í Lögbirtingablaði 23. október 1944.

Það er upplýst í málinu með játningu kærðu og vitnafram-

burðum, að hún hefur ekki selt grenið úr verzlun sinni eftir þyngd, heldur bútað það í einstakar greinar og selt þær alla jafnan á 10 og 15 krónur stykkið. Kaupendur fyrrgreindra greina, sem seldar voru of hátt, tóku þær alveg af handahófi úr greinabunkum. Hlýtur kærða því við sölu grenisins að hafa brotið fyrirmæli verðlagsstjóra um smásöluverð þess langtum oft en í þeim tilfellum.

Það magn, sem til álita kemur, að kærða hafi selt með óleyfilegum hagnaði, eru þau 3430 kg, sem búið var að selja, er grenibirgðir hennar voru vigtaðar 18. f. m. Það þykir vera ósannað, að andvirði hins selda grenis hafi numið kr. 11495.00, eins og kærða hefur haldið fram, eða hvert það hefur verið, og er því ekki hægt að sjá, hversu viðtækt verðlagsbrot kærðu er af söluverði grenisins. Þá eru þær greinar, er eftirlitsmenn verðlagsstjóra, Sigríður Klemensdóttir og Stefán Jónsson, keyptu, of fáar til þess að hægt sé að telja verð þeirra greina meðalverð kærðu á greninu og ólöglegan ágóða sem því svarar. Samkvæmt þessu er engin niðurstaða fengin um það, hvern hagnað kærða hafi haft af sölu grenisins umfram það, er heimilað var. Verður því ekki kveðið á um upptöku ólöglegs hagnaðar í máli þessu.

Með tilvísun til framanritaðs og að því athuguðu, að kærða virðist í engu hafa skeytt settum reglum um verð hinnar umræddu vöru, en upplýsingar skortir hins vegar um það, hvern ágóða hún hefur haft af þeirri háttsemi, þykir refsing hennar samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 3 1943 hæfilega ákveðin 20000 króna sekt til rikissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella komi í stað sektarinnar varðhald í 100 daga.

Kærðu ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmans, 700 krónur.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Því dæmist rétt vera:

Kærða, Ragna Sigurðardóttir, greiði 20000 króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald í 100 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmans, 700 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.